

fyrir ávísanir á allt að 151 kr. . 308 a.

— — — — — 189 — . 373 —

45
15. apríl.

Almennar ákvarðanir.

Glatist póstsending, skal koma fram með skaðabótakröfu innan árs eptir það að hún var afhent póststjórninni til flutnings.

Til þess að borga undir sendingar til utanríkislanda, má að eins nota almenn póstmerki en ekki þjónustumerki. Fyrir burðargjald það, sem greitt verður á þenna hátt með almennum póstmerkjum, er hlutaðeigandi póstmaður skyldur að gefa stjórnarvaldi því, er sendir, borgunarlausu viðurkenningu, þar sem tiltekið er burðargjaldið, og má þar eptir fá það endurgoldið sem annað burðargjald undir embættisbrjef.

Póstsambandið milli Danmerkur og Íslands verður óbreytt hið sama og að undanfögnu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. apríl 1879.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun lögreglustjóra fyrir skoðun á útflutningsskipum.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dags. 16. október þ. á. lagt undir úrskurð ráðgjafans fyrirspurn bæjarfógetans á Akureyri um 20 kr. borgun þá, sem lögreglustjórum er veitt með 9. gr. laga frá 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur fyrir fyrsta daginn, er þeir verja til þess að skoða útflutningsskip. Spurt er um, hvort telja skuli borgun þessa með tekjum þeim, sem um er rætt í 1. gr. laga 14. desember 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta, eða slíkt skuli álita sem fæðispeninga (diæter), er hlutaðeigandi embættismanni beri að njóta eptir sem áður, og hafið þjer í þessu tilliti látið í ljósi, að þær 20 kr., sem um er getið í áminnztri lagagrein fyrir fyrsta daginn, virðist að eiga óskiptar að falla í landssjóð, en aptur á móti liggi næst að ætla, að hlutaðeigandi embættismanni beri þær 6 kr., sem ákveðnar eru fyrir hvern af hinum eptirfylgjandi dögum, með því að nefnd eru daglaun í greininni.

Fyrir því læt jeg ekki dragast hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er yður samdóma um, að þær 20 kr., sem ákveðnar eru fyrir fyrsta daginn, geti hvorki að öllu nje nokkru leyti álitizt fæðispeningar, og að ráðgjafinn þar að auki fær ekki betur sjeð, en að þær 6 kr., sem tiltekna eru fyrir hvern dag þar á eptir, hljóti að skoðast á sama hátt, og þess vegna einnig eptirleidis greiðast í landssjóð. Því það myndi vera mjög mikil ósamkvæmni að veita lögreglustjórum dagpeninga fyrir 2. og 3. daginn, en aptur á móti enga þóknun fyrir 1. daginn, því á þeim degi munu þó aðalstörfin venjulega lenda. En það atriði, að nefnd lagagrein hefir orðið «daglaun», þótt borgunin sje ekki bundin við hið venjulega skilyrði fyrir fæðispeningum embættismanna, að embættisverkið fari fram annarstaðar, en þar sem hlutaðeigendur (embættismaður eða skoðunarmenn) eiga heima, getur ekki gjört mikið að verkum, því þetta orð þýðir vafalaust hjer hið sama og «dagpeningar» eða «dagkaup».

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um amtmannaembætti.* in. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 17. sept. f. á. sent

47
10. des.
1878